

Í dag: Ráðstefna útskriftarnema í uppeldis- og menntunarfærði við HÍ

**„Allt gott í veröldinni er rakið til góðs uppeldis“**

*Immanuel Kant*

Í dag, Föstudaginn 12. apríl, halda 3. árs nemar í uppeldis- og menntunarfærði við Háskóla Íslands ráðstefnu þar sem kynnt eru BA verkefni ásamt öðrum verkefnum. Ráðstefnan er haldin í Bratta, Stakkahlíð.

Heiti ráðstefnunnar er „Allt gott í veröldinni er rakið til góðs uppeldis“ sem er bein tilvitnun í Immanuel Kant. Erindi ráðstefnunnar eru fjölbreytt og skemmtileg, og eru lýsandi fyrir hvað nám í uppeldis- og menntunarfærðum felur í sér.

Ráðstefnunni er skipt niður í þrjú þemu og er erindum raðað upp eftir viðfangsefnum þeirra.

- Líkamlegt og andlegt heilbrigði
- Skólamál og frístundir
- Uppeldi og heimilisaðstæður

Áætlaður tími fyrir hvert erindi er 8 mínútur og gefst tækifæri til spurninga að því loknu.

Gert verður stutt hlé bæði fyrir og eftir hádegi þar sem boðið verður upp á kaffi fyrir utan Bratta ásamt því að gert er ráð fyrir hálf tíma hádegishléi.

Veggspjöld með nánari upplýsingum um hvert erindi hanga fyrir framan ráðstefnusal og hvetjum við fólk til að skoða.



Deildu þessu með vinum:

Facebook

Reddit

Twitter

Google

Pinterest